

Greinargerð til Norðurlandaráðsþings haustið 2019

Samantekt

Árið 2016 ýtti Norræna ráðherra nefndin úr vör þriggja ára samstarfsverkefni varðandi aðlögun flóttamanna og innflytjenda (2016–2018). Við lok verkefnisins var það framlengt um þrjú ár og stendur hið nýja verkefni því yfir til og með 2021. Meginmarkmiðið með verkefninu er að styðja við það starf sem unnið er í löndunum á sviði aðlögunar með því að styrkja norrænt samstarf með áherslu á að afla nýrrar þekkingar og að miðla þekkingu og reynslu. Hið nýja verkefni var kynnt í norrænu velferðarnefndinni á fundi Norðurlandaráðs á Íslandi hinn 22. janúar 2019.

Inngangur

Forsaga þess að samstarfsverkefninu var komið á fót árið 2016 var sú að á árunum 2015 og 2016 tóku norrænu löndin á móti miklum fjölda flóttamanna, m.a. vegna stríðsátakanna í Sýrlandi. Löndin stóðu frammi fyrir mörgum af sömu áskorunum og litu því svo á að norrænt samstarf myndi greiða fyrir aðlöguninni. Eftir fyrstu þrjú árin samþykktu samstarfsráðherrarnir að verkefninu skyldi haldið áfram.

Samstarfið

Óformlegt ráðherrasamstarf

Þegar verkefninu var komið á fót ákváðu norrænu ráðherrarnir sem bera ábyrgð á aðlögun í norrænu ríkjunum að stofna ekki til formlegs ráðherrasamstarfs um aðlögun heldur halda óformlega ráðherrafundi. Auk ráðherrafundar á formennskuári Finnlands 2016 var einnig haldinn óformlegur ráðherrafundur í september á formennskuári Noregs 2017. Á báðum fundum var sjónum beint að því hvernig megi ná fram sem bestri þátttöku flóttamanna og innflytjenda á vinnumarkaði. Á formennskuári sínu hélt Svíþjóð ráðherraráðstefnu um fótfestu kvenna af erlendum uppruna á vinnumarkaði sem flest norrænu löndin tóku þátt í. Verkefnið heldur áfram og bent er á að á næstu árum sé einnig mikilvægt að koma á fundum aðlögunarráðherranna þar sem þeir geti skipst á upplýsingum um reynslu af pólitískum aðgerðum og verkefnum á sviði aðlögunar, en að hið pólitíska samstarf skuli vera sveigjanlegt og að það skuli eiga sér stað í nánú samráði við formennskulandið hverju sinni.



Skipulag verkefnisins á stjórnsýslustigi

Út allan verkefnistímamann hefur gott samband verið við stjórnsýslueiningar landanna en það er nú með formlegum hætti í gegnum sérfræðingahóp. Árið 2019 var settur saman sérfræðingahópur með fulltrúum þeirra deilda sem bera ábyrgð á aðlögunarmálum í norrænu löndunum. Færeyjum, Grænlandi og Álandseyjum var einnig boðið að tilnefna fulltrúa í hópinn. Hópnum er ætlað að veita umsögn sína um mál, tilhögun, aðgerðir og þema verkefnisins á tímabilinu. Það mun tryggja „eignarhald“ landanna á verkefninu og að verkefnið leiði til aðgerða og afurða sem skipta máli.

Þróun og miðlun þekkingar

Í tengslum við verkefnið var miðstöð upplýsingamiðlunar sett á laggirnar í samstarfi Norrænu velferðarmiðstöðvarinnar og Nordregio í Stokkhólmi árið 2016. Upplýsingamiðstöðinni er ætlað að afla, þróa og miðla þekkingu sem byggð er á rannsóknum og reynslu og hefur virkað sem hugmyndaveita með yfirsýn yfir góðar aðferðir og góð dæmi um árangursríkt aðlögunarstarf. Upplýsingamiðstöðin hefur opnað heimasíðu, látið vinna skýrslur, staðið fyrir námsstefnum og fundum sérfræðingahópa og fleiri opnum viðburðum. Lagt er til að upplýsingamiðstöðin verði rekin áfram næstu þrjú ár.

NordForsk stendur fyrir norrænu/bresku rannsóknarverkefni um fólksflutninga og aðlögun. Markmiðið er að til verði ný þekking á þessu sviði fyrir aðila í fræðaheiminum jafnt sem utan hans svo unnt sé að takast á við þær áskoranir sem fólksflutningar hafa í för með sér og nýta þau tækifæri sem í þeim felast. Heildarupphæð verkefnisins er 74 milljónir norskra króna á árunum 2018–2023 sem fjármagnar 5–6 stór norræn/bresk rannsóknarverkefni.

Verkefnastyrkir

Allt frá upphafi hefur verið hægt að sækja um fjárstyrki til norrænna verkefna. Á tímabilinu hefur fé verið veitt til verkefna af ólíku tagi, svo sem rannsóknarverkefna, kortlagningarverkefna, þróunarverkefna og ráðstefna um ýmis mál sem tengjast aðlögun. Fram til ársins 2021 verður áfram hægt að sækja um styrki til ýmissa norrænna verkefna. Mikilvægt er að þau verkefni sem hljóta styrki geti skapað nýja, gagnreynda þekkingu og miðlað henni áfram. Einnig eru tilraunaverkefni þar sem norrænu löndin reyna í sameiningu nýjar aðferðir og þróa sameiginlega úrræði sett í forgang.

Samstarf við fagsviðin

Mikilvægur hluti verkefnisins hefur falist í samstarfi við ýmis fagsvið. Áhersla hefur verið á aðlögun innan margra fagráðherranefnda og embættismannanefnda. Bæði Norræna ráðherranefndin um vinnumál (MR-A), Norræna ráðherranefndin um menntamál og rannsóknir (MR-U), Norræna ráðherranefndin um jafnréttismál (MR-JÄM) og Norræna ráðherranefndin um menningarmál (MR-K) hafa lagt áherslu á aðlögunarmál og fléttað þau inn í vinnu sína.



Fagsvið Norrænu ráðherranefndarinnar munu einnig beina sjónum sínum að aðlögunarmálum í framtíðinni. Á formennskuári sínu átti Svíþjóð frumkvæðið að verkefni sem snýst um að auka samfélagsþátttöku ungs fólks á viðkvæmum svæðum. Markmiðið er að draga úr mismuni og aðskilnaði ásamt því að auka þátttöku ungs fólks. Verkefnið er unnið undir stjórn sænsku stofnunarinnar um málefni ungs fólks og almennings (Myndigheten för ungdoms- och civilsamhällesfrågor (MUCF)). Á menntamálasviði hefur verið komið á fót norrænu samstarfsneti þar sem áhersla er á nám fyrir nýaðkomin börn og ungt fólk. Á menningarsviði hefur verið sett á fót verkefnið „Menningarlíf án mismununar á Norðurlöndum“ sem á að stuðla að því að menningarlíf og samfélagið í heimabyggð nýtist sem vettvangur fyrir innflytjendur til að aðlagast. Á vinnumálasviði hefur Norræna ráðherranefndin látið vinna ýmsar skýrslur um það hvernig megi sem best aðlaga flóttamenn og innflytjendur í atvinnulífinu. Á formennskuári Svíþjóðar í Norrænu ráðherranefndinni 2018 var haldin ráðherraráðstefna um fótfestu kvenna af erlendum uppruna á vinnumarkaði sem margir af ráðherrunum á sviði atvinnumála tóku þátt í. Ráðherraráðstefnunni var fylgt eftir með fundi sérfræðingahóps í júní 2018 þar sem rætt var hvernig löndin geti unnið að því að auka atvinnuþátttöku kvenna af erlendum uppruna. Að frumkvæði Norðmanna var stofnað norrænt samstarfsnet á árinu 2019 með það fyrir augum að vinna gegn neikvæðu félagslegu taumhaldi. Samstarfsnetið mun m.a. vinna að því að afla nýrrar þekkingar og skiptast á þekkingu og upplýsingum um reynslu á milli norrænu landanna.

Aðgerðasvið

Þau aðgerðasvið sem lögð hefur verið áhersla á á tímabilinu snúa að þátttöku flóttamanna og innflytjenda í atvinnulífinu. Unnar hafa verið ýmsar skýrslur, þar sem fram koma góð dæmi og þekking sem byggð er á rannsóknum og reynslu, um hvað virkar til þess að auka þátttöku flóttamanna og innflytjenda. Einnig hefur verið unnið stefnuskjal um efnið ásamt því að haldnar hafa verið ráðstefnur og vinnustofur, bæði fyrir helstu stjórnvöld, sveitarfélög og aðra lykilaðila á sviði aðlögunarmála í norrænu löndunum. Í apríl 2019 kom út umfangsmikil norræn rannsóknarskýrsla, „Nordic integration and settlement policies for refugees. A comparative analysis of labour market integration outcome“, þar sem borin voru saman móttökuverkefni fyrir nýaðkomna flóttamenn í Noregi, Svíþjóð og Danmörku. Á sama tíma kom út skýrslan „Integrating immigrants into the Nordic labour markets“ þar sem teknar eru saman niðurstöður um atvinnuþátttöku flóttamanna og innflytjenda. Báðar skýrslurnar hafa vakið mikla athygli.

Enn fremur hafa málefni á borð við nýaðkomin börn og ungmenni, þ.m.t. vegalaus börn, verið í brennidepli. Unnar hafa verið skýrslur um stöðu nýaðkominna barna og ungmenna, þ.m.t. vegalausra barna. Haldinn var tengslafundur fyrir alla lykilaðila sem vinna með vegalaus börn og fyrir þá sem vinna með nýaðkomin börn og ungmenni á menntamálasviði. Nokkrar skýrslur hafa verið gefnar út um efnið. Hvað jafnréttismálum viðvíkur hefur ráðherranefndin rætt atvinnuþátttöku kvenna af erlendum uppruna.

Þegar horft er fram veginn verður sjónum áfram beint að þátttöku flóttamanna og innflytjenda á vinnumarkaði en einnig verður áhersla lögð á nýaðkomin börn og ungmenni og fjölskyldur þeirra, þ.m.t. vegalaus börn, hlutverk sjálfbóðastarfs í



aðlögun, viðkvæm/aðgreind búsetusvæði og vinnu landanna með öfgafullt félagslegt taumhald.

Vinna gegn öfgahyggju og ofbeldisfullu ofstæki

Á árunum 2016–2018 stóð Norræna ráðherranefndin fyrir verkefni um lýðræði, þátttöku allra og öryggi (DIS-verkefnið) sem hafði það meginmarkmið að skapa öruggt samfélag og berjast gegn öfgahyggju og ofstæki. Hluti af verkefninu fólst í að koma á fót samstarfsneti norrænna borga, „Nordic Safe Cities“ (NSC), þar sem markmiðið var að efla fyrirbyggjandi starf gegn ofstæki og stuðla að öryggi í borgum. Margar borgir eru aðilar að samstarfsnetinu og fjöldi borga hefur tekið þátt í aðgerðum á vegum þess. Á vegum samstarfsnetsins hafa verið haldnir margir norrænir fundir og staðið hefur verið fyrir staðbundnum verkefnum auk víðtæks alþjóðlegs samstarfs. Samstarfsnetið og aðgerðir á vegum þess hafa vakið mikla athygli, bæði innan ESB og annars staðar, og það tilheyrir nú alþjóðlegu samstarfsneti gegn öfgahyggju og ofbeldisfullu ofstæki sem nefnist „Strong Cities“. Við setningu aðalfundar SP 2018 gafst færi á að kynna samstarfsnetið á hliðarviðburði þar sem lykilaðilar á sviði fyrirbyggjandi starfs gegn öfgahyggju og ofbeldisfullu ofstæki frá öllum heimshornum tóku þátt.

Nordic Safe Cities hefur verið fjármagnað og „í eigu“ Norrænu ráðherranefndarinnar. Unnið er að því að halda samstarfsnetinu áfram en að það verði ekki eins háð Norrænu ráðherranefndinni. Frá árinu 2019 hefur vinnan við Nordic Safe Cities verið hluti af samstarfsáætlun um aðlögun flóttafólks og innflytjenda.

Árangur

Verkefnið hefur staðið að fjölda aðgerða í tengslum við þróun og miðlun þekkingar á því hvernig löndin geta unnið að aðlögun flóttamanna og innflytjenda. Verkefnið hefur stuðlað því að tengja saman aðila til þess að gera þeim kleift að miðla þekkingu og skiptast á reynslu. Unninn hefur verið fjöldi skýrslna innan ramma verkefnisins, margar vinnustofur fyrir helstu stjórnvöld hafa verið haldnar, sem og ráðstefnur fyrir ýmsa aðila á þessu sviði. Hjalagður er listi yfir skýrslur og aðgerðir á vegum verkefnisins (viðauki 1).

Að beiðni Norrænu ráðherranefndarinnar lagði greiningarfyrirtækið Rambøll spurningakönnun fyrir helstu stjórnvöld í norrænu löndunum um það hvernig þau upplifðu gagnsemi og mikilvægi verkefnisins. Í ljós kom að stjórnvöld töldu verkefnið mjög gagnlegt og mikilvægt. Samkvæmt svörum þátttakenda í könnuninni er vilji til þess að halda verkefninu áfram. Með hliðsjón af því var ákveðið að framlengja verkefnið til ársins 2021.